

Ungmennafélagar fjörureinsun

Í

Á [Facebooksíðu Ungmennafélagsins Glóa](#) kemur fram að á sunnudag hafi stjórnarfolk og fleiri hreinsað fjöruna „út í Bakka“ og Hvanneyrarkrókinn. Þar var þó nokkuð af rusli, mest plast, járn og netadrásur. Á síðunni segir: „Þetta er ekki í fyrsta sinn sem félagsmenn í Glóa huga að umhverfismálum því áður hefur verið farið í svipaðar hreinsunarferðir og svo er félagið með reit í Skógrækt Siglufjarðar þar sem það hefur plantað um 1.000 plöntum. Plönturnar hafa dafnað vel og veita nú m.a. golfurum sem spila á nýja golfvellið skjól fyrir norðanáttinni þegar þeir leika holi 5. Hyggst félagið gera meira af slíku í framtíðinni því öll þurfum við jú að skila okkar í þessum málum. Svo er útiveran svo bráðholl og samveran góð.“

Mynd: Af Facebooksíðu Glóa.

Texti: Sigurður Ægisson | sae@sae.is / Glói.